



RÍKISENDURSKOÐUN

Skúlagötu 57, 105 Reykjavík IS-Iceland.

| | Dagsetning | Tilvísun |
|--|------------------|----------------------------|
| Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis b.t. Valgerðar Bjarnadóttur formanns Austurstræti 8-10 150 Reykjavík | 15. október 2012 | 12100065 11.02 SA/bb |

Hjálögð eru svör við spurningum yðar frá 9. október sl. í tilefni af umræðu um úttekt Ríkisendurskoðunar á fjárhags- og mannaúðskerfi ríkisins (Oracle).

Þrátt fyrir að fjallað hafi verið um spurningar yðar til mín á opinberum vettvangi þá hef ég ákveðið að bíða með að birta svar Ríkisendurskoðunar við þeim á heimasíðu stofnunarinnar þar til nefndinni hefur gefist tækifæri til að kynna sér það.

Hjálagt:

Svör við spurningum formanns stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar í tilefni af umræðu um úttekt Ríkisendurskoðunar á fjárhags- og mannaúðskerfi ríkisins (Oracle).

15.10.2012

Svör við spurningum formanns stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar í tilefni af umræðu um úttekt Ríkisendurskoðunar á fjárhags- og mannauðskerfi ríkisins

1. Gerir ríkisendurskoðandi starfsáætlun um þau verkefni sem eðli máls samkvæmt eru ekki reglubundin?

a. Til hve langa tíma?

Verkefni stofnunarinnar sem ekki teljast reglubundin eru fyrst og fremst stjórnsýsluúttektir skv. 9. gr. laga um Ríkisendurskoðun en einnig ýmsar aðrar úttektir og athuganir sem ýmist eru unnar að beiðni Alþingis eða að eigin frumkvæði stofnunarinnar. Um stjórnsýsluendurskoðun gildir þriggja ára starfsáætlun þar sem almennt er fjallað um áherslur og val verkefna. Þessi áætlun er uppfærð árlega og birt á heimasiðu stofnunarinnar. Á stjórnsýslusviði er einnig unnin verkáætlun sem gildir til eins árs í senn sem og endurskoðunaráætlanir fyrir hverja og eina úttekt. Um aðrar úttektir eða athuganir stofnunarinnar gildir að um leið og ákvörðun um viðkomandi verkefni hefur verið tekin er unnin um það sérstök áætlun þar sem m.a. koma fram markmið, aðferðir, tímarammi og nöfn starfsmanna sem ætlað er að vinna verkið. Þessi verkefni koma fram í verkáætlun viðkomandi sviðs sem gildir til eins árs í senn. Það er á ábyrgð viðkomandi sviðsstjóra að fylgjast með framgangi verkefnis og gera tillögu um breytingar á áætlun ef þess reynist þörf.

Pví má bæta við að á hverju ári svarar Ríkisendurskoðun fyrirspurnum af ýmsu tagi, veitir álit á lagafrumvörpum, tekur þátt í fundum á málefnaviðum stofnunarinnar, tekur þátt í starfshópum o.fl. Þetta eru allt verkefni sem ekki teljast reglubundin. Það getur verið nokkuð breytilegt frá ári til árs hvernig slík verkefni falla til. Leitast er við að áætla tíma til slíkra verkefna og forgangsraða þeim eftir því sem unnt er.

b. Hve oft er áætlunin endurskoðuð?

Starfsáætlun stjórnsýslusviðs er endurskoðuð árlega, sbr. svar við a-lið. Aðrar áætlanir eru uppfærðar eftir þörfum.

2. Hafa skýrslur er varða fjárhags- og mannauðskerfi ríkisins (Oracle) verið á starfsáætlun Ríkisendurskoðunar? Ef svo er, hversu miklum mannafla (mannmánuðum) var ætlað að sinna verkefninu á ári hverju frá því að vinna við úttektina hófst?

Þetta verkefni hefur frá upphafi verið á verkáætlun viðkomandi sviðs stofnunarinnar (upphaflega „endurskoðun upplýsingakerfa“ en frá 2010 „endurskoðunarsvið“). Hins vegar hefur það verið lagt til hliðar um lengri og skemmri tíma, eins og rakið er í minnisblaði ríkisendurskoðanda til forseta Alþingis frá 8. október sl.

3. Hefur Alþingi verið gert viðvart um tafir eða ákvörðun um að fresta vinnu eða skilum á úttekt á innleiðingu og/eða uppfærslu á Oracle-kerfinu?

a. ef já – hvenær?

Í ársskýrslu Ríkisendurskoðunar fyrir árið 2007, sem gefin var út í mars 2008, er gerð grein fyrir stöðu úttektar á innleiðingu kerfisins. Þar er jafnframt tekið fram að skýrslu sé að vænta á fyrri hluta ársins 2008. Alþingi hafur hins vegar ekki verið upplýst um stöðu verkefnisins frá þessum tíma en vissulega hefði verið æskilegt að gera það. Alþingi hafur heldur ekki verið upplýst um stöðu úttektar á uppfærslu kerfisins sem hófst árið 2010 og er ekki lokið.

4. Á heimasíðu Ríkisendurskoðunar er birtur listi um „úttektir í vinnslu“.

a. Hefur vinna er varðar úttekt á Oracle verið á þessum lista?

Nei, hún hefur ekki verið á þessum lista hingað til. Þar hafa til þessa einungis verið taldar upp stjórnsýsluúttektir sem stofnunin hefur unnið að. En frá því að listinn var fyrst birtur á vefsíðu stofnunarinnar á síðasta ári hefur staðið til að hann næði til allra úttekta sem stofnunin vinnur að á hverjum tíma. Það er enda í samræmi við áherslu stofnunarinnar á að miðla upplýsingum um hlutverk sitt og störf út í samfélagið. Listinn hefur nú verið uppfærður og geymir nú allar úttektir sem stofnunin vinnur að. Með „úttekt“ er hér átt við allar einstakar athuganir sem áætlað er að ljúka með formlegri skýrslu. Reglubundin fjárhagsendurskoðun og önnur reglubundin eftirlitsverkefni teljast ekki úttektir.

b. Eru skýrslur/úttektir nú í vinnslu hjá embættinu, sem ekki eru á listanum?

Sjá svar við a-lið.

c. Hvaða viðmið eru höfð um hvaða verkefni eru skráð á þennan lista?

Sjá svar við a-lið.

5. Hefur Ríkisendurskoðun sett viðmið um vinnslutíma úttekta/skýrslna og ef svo er, hvert er það?

Ríkisendurskoðun hefur ekki sett viðmið um vinnslutíma úttekta þar sem þær eru afar fjölbreyttar að efni og umfangi. Að því er varðar stjórnsýsluúttektir gildir það vinnulag að leiði svokölluð forkönnun til þess að ákveðið er að ráðast í úttekt er unnin endurskoðunaráætlun þar sem markmið úttektarinnar eru tilgreind, hún afmörkuð og vinnslutími áætlaður. Með breyttum vinnubrögðum hin síðari ár, sem meðal annars felast í almennt þrengri afmörkun úttekta en áður tíðkaðist, hefur vinnslutími þeirra styrt verulega. Að því er varðar aðrar úttektir og athuganir er gerð áætlun um vinnslutíma að lokinni frumathugun.

6. Hvaða reglur gilda hjá embættinu um upplýsingagjöf til Alþingis meðan á úttekt stendur? Hafa komið upp þau tilfelli að Ríkisendurskoðun hafi talið nauðsynlegt að gera þinginu viðvart um tilteknar niðurstöður sínar enda þótt skýrslugerð hafi ekki verið lokið?

Almenna reglan er sú að skýrsla er unnin samkvæmt þeirri áætlun sem gildir um viðkomandi verkefni og henni síðan skilað til Alþingis. Ekki eru í gildi formlegar reglur um upplýsingagjöf til Alþingis á meðan á úttekt stendur en fyrirspurnum frá þingmönnum og öðrum um framgang verkefna hefur ávallt verið svarað ef þær hafa borist. Í þessu sambandi má nefna að núverandi formaður fjárlaganefndar spurði seint á árinu 2009 um hvenær skýrsla um kaup og innleiðingu fjárhags- og mannauðskerfis fyrir ríkið yrði tilbúin. Honum var svarað skriflega með tölvupósti. Einnig má nefna að a.m.k. eitt dæmi er um að þingnefnd hafi verið gerð grein fyrir skýrsludrögum sem stofnunin hafði til vinnslu áður en endanlegri skýrslu var skilað til Alþingis. Hér er um að ræða drög að skýrslu um útflutningsaðstoð sem formaður utanríkismálanefndar var upplýstur um símleiðis síðla árs 2009.